



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn – 1282

FUNDARBOÐ

**1282. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í
bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 13. nóvember 2018
og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 8. nóvember 2018 fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019 til 2022 sem hluta af fjárhagsáætlun vegna sama tímabils og vísaði til bæjarstjórnar til samþykktar.

2. 1806199 - Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022

Samþykkt bæjarráðs frá 8. nóvember síðastliðnum, þar sem fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2019 og þriggja ára áætlun vegna árána 2020 til og með 2022 er vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

3. 1805127 - Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 8. nóvember október síðastliðinn drög að breytingum á bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar og vísar afgreiðslunni til síðari umræðu í bæjarstjórn. Breytingarnar á bæjarmálasamþykktinni þurfa að hljóta tvær umræður í bæjarstjórn og staðfestingu af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og geta fyrst tekið gildi eftir birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrri umræða um breytingar á bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar fór fram þann 9. október síðastliðinn.

4. 1810245 - Borgar Sig AK 066 - forkaupsréttur

Bæjarráð tók fyrir á fundi sínum þann 25. október síðastliðinn beiðni Útgerðarfélagssins Upphaf ehf. um yfirlýsingu um afsal á forkaupsrétti Borgar Sig AK 066.

Bæjarráð samþykkti að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en núverandi lagaumhverfi tryggir sveitarfélögum einungis forkaupsrétt að fiskiskipum en ekki að þeim aflaheimildum sem kunna að fylgja viðkomandi fiskiskipi. Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til staðfestingar.

5. 1411116 - Skipulag - Dalbraut-Þjóðbraut

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að lagfæring á skipulagsgögnum verði gerð í samræmi við 43.grein, 3.mgr., skipulagslaga nr.123/2010.

Um óverulegt frávík á skipulagsgögnum er að ræða sem felst í því að nýtingarhlutfall lóðar 4 við Dalbraut verði 2.28 í stað 2.22. Breytingin rúmast innan óbreytts byggingarreits og hefur ekki áhrif á aðra hagsmunaaðila.

6. 1811021 - Aðalsk.Akraness breyting-miðsvæði Akratorg, Kirkjubraut,Stillholt

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 verði auglýst til kynningar.

Breytingin tekur til miðsvæðis M2, Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt og felst í breyttum skipulagsákvæðum um bílastæðamál. Engin breyting er gerð á skipulagsuppdrætti.

Fundargerðir til kynningar

7. 1801005 - Fundargerðir 2018 - bæjarráð

3356. fundargerð bæjarráðs frá 25. október 2018.

3357. fundargerð bæjarráðs frá 1. nóvember 2018.

3358. fundargerð bæjarráðs frá 8. nóvember 2018.

8. 1801007 - Fundargerðir 2018 - skóla- og frístundaráð

91. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 29. október 2018.

92. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 6. nóvember 2018.

9. 1801008 - Fundargerðir 2018 - skipulags- og umhverfisráð

95. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 5. nóvember 2018.

10. 1801006 - Fundargerðir 2018 - velferðar- og mannréttindaráð

90. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 29. október 2018.

91. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 7. nóvember 2018.

11. 1801026 - Fundargerðir 2018 - Orkuveita Reykjavíkur

264. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 24.09.2018

265. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 05.10.2018

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri